

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

19. mars 2004

## Umsögn SVP - Samtaka verslunar og þjónustu um Frumvarp til innheimtulaga, 223. mál

### Inngangur

SVP- Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið til umsagnar Frumvarp til innheimtulaga, dags. 1. mars 2004.

### Umsögn

SVP taka undir að þörf er löggjöf sem stuðlar að góðum innheimtuháttum, skýra réttarstöðu þeirra aðila sem að innheimtu koma og firra skuldara og kröfueigendur að tjóni. Hér að neðan koma fram athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

#### 1. gr. Gildissvið

Lagt er til að gildissvið laganna einskorðist við innheimtu á frumstigi, eða fram að útgáfu stefnu eða birtingu greiðsluáskorunnar. Þannig nái gildissviðið ekki til innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga. Innheimta á grundvelli réttarfarslaga er hvort eð er undanskilin og í þeim tilvikum eru það dómstólar sem ákveða þóknun lögmanna.

Einnig er lagt til að gildissvið laganna nái ekki til „innheimtu umdeilda peningakrafna...“ Ákvæði sem þetta er fallið til þess að valda deilum því það hlýtur oft að vera álitamál hvaða kröfur eru umdeildar. Þetta ákvæði gæti aukið kostnað fyrir skuldara.

#### 4. gr. Veiting innheimtuleyfis

Hér eru ekki gerðar neinar faglegar hæfisskilyrði hvorki varðandi menntun né reynslu. Til að tryggja rétt skuldara verður að gera þá kröfu til þeirra sem hafa atvinnu af innheimtu að þeir hafi lágmarks þekkingu á sviði kröfuréttar.

#### 6. gr. Góðir innheimtuhættir

Rétt væri að endurskoða þessa grein frá grunni. Hér er beinlínis kallað á álitamál og ágreiningsefni. Góðir innheimtuhættir hljóta að felast í því að vinna eftir fyrirfram ákveðnum verkferlum. Gera mætti kröfu um að innheimtuaðilar skilgreini slíka ferla og að þeir væru hluti af þeim gögnum sem þyrftu að fylgja með umsókn um starfsleyfi. Enn fremur væri hægt að opna frekar leið til einhverskonar kærunefundar sem gæti farið yfir ágreining um óhóflega þóknun og áminnt viðkomandi innheimtuaðila sem síðar gæti misst leyfi sitt eða ekki fengið það endurnýjað.

Varla er þörf á að setja í lög að það falli ekki undir „góða innheimtuhætti“ að brjóta lög um friðhelgi heimilisins og persónuvernd.

### 7. gr. Innheimtuviðvörðun

Þessi grein (og greinargerð sem henni fylgir) felur í sér hættu á að birt sé beint greiðsluáskorun, í stað þess að senda fyrst innheimtubréf, til að tryggja þóknun fyrir innheimtuna. Þar af leiðandi getur skuldari staðið frammi fyrir harðari innheimtuaðgerðum heldur en í dag og nýir möguleikar opnast fyrir óvandaða innheimtumenn.

### 11. gr. Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar

Þessi grein virðist ekki ganga upp. Ekki verður séð af þessari grein að skuldari sé gerður ábyrgur fyrir innheimtukostnaði.

Einnig má ætla að ákvæðið um að kröfuhafi/innheimtuaðili hafi brotið gegn 7. gr. þannig að viðvörðun þjóni ekki tilgangi sínum sé fallið til þess að valda ágreiningi, ekkert kemur fram í greinargerð hvað felist í orðunum “að viðvörðun þjóni ekki tilgangi sínum” Nægjanlegt er að viðvörðun sé sannanlega send, skuldari ber hallan af því að hún misfarist.

### 12. gr. Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar

Lagt er til að þessi grein verði látin niður falla og í staðinn verði 6. gr. ítarlegri. Innheimtuaðilar birta gjaldskrá sína og vinni samkvæmt viðurkenndum verkferlum, eins og getið er um hér að framan. Óbreytt 12. gr. getur leitt til þess að innheimtuaðilar noti lögin til hins ítrasta, þ.e.a.s. gangi eins langt og heimilt er, til að tryggja þóknun fyrir sína vinnu í samræmi við það sem ráðherra hefur samþykkt.

### 15. gr. Leyfi og eftirlit

Ekki er fallist á að fela Fjármálaeftirlitinu eftirlitshlutverk með innheimtustarfseminni. Með vandaðri leyfisveitingu þarf ekki að auka kostnað hins opinbera með enn frekara eftirliti. Kostnaður við eftirlit hins opinbera er þegar of mikið.

### 19. gr. Gildistaka

Innheimta peningakröfu er hluti af reglulegri starfsemi lögmanna. Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að ráðherra leggi blessun sín yfir gjaldskrá þeirra. Fari lögmenn offari í gjaldtöku sinni er hægt að kæra þá til Lögmannafélagsins og ætti það að tryggja hagsmuni skuldara á fullnægjandi hátt.

Ekki má leggja að jöfnu þjónustu lögmanna og annarra innheimtuðaðila skv. frumvarpinu, þar sem hæfiskilyrði eru allt önnur sem og þjónusta, lögmenn starfa eftir siðareglum lögmanna, eru með starfsábyrgðatryggingu og veita faglega ráðgjöf, sem ekki verður séð af frumvarpinu að tryggt sé að innheimtuaðilar geti veitt. Ekki er því hægt að ætlast til að lögmenn eigi að falla undir einhverskonar gjaldskrá ráðherra. Hafa ber í huga það sem áður er sagt, að hægt er að kæra lögmenn til Lögmannafélagsins verðandi óhóflega gjaldtöku og það sem meira er þá eru það oftast dómstólar sem ákvarða þóknun lögmanna, þar sem flest skuldamál þurfa að fara fyrir dóm, ýmist til að fá aðfararhæfi og/eða slíta fyrningu, sbr. víxilmál.

SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá umrætt mál til umsagnar.

Virðingarfyllst,

SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu



Emil B. Karlsson